

26. nóvember 2020

## Fréttatilkynning

Fuglavernd mótmælir tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar, [312/151 þáttill.: leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma](#).

Fuglavernd mótmælir harðlega tillögu til þingsályktunar um að leyfa veiðar á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. Álf er alfriðuð tegund og veiðitímabil grágæsar og heiðagæsar er nú þegar lengra en gott þykir.

Mikilvægasta gagnrýnin snýr þó að því að farið sé fram á að veiða þessar tegundir þegar þær eru að snúa til baka frá vetrarstöðvum og á varptíma. Fuglavernd telur slíkt algjörlega óverjandi á siðferðilegum forsendum auk þess sem það stríðir gegn fjölþjóðlegum lögum sem gilda víðast hvar á vetrarstöðvum þessara fuglategunda.

Í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni er bent á að líklega sé álfín skotin ólöglega en rannsóknir í Bretlandi þar sem álfir voru gegnumlýstar sýndu að um 13% íslenskra álfra væru með blýhögl í líkamanum. Sjá:

<https://fuglavernd.is/2019/10/11/alfir-eru-skotnar-a-islandi-og-thad-er-ologlegt/>

**Þó að þetta ólöglega athæfi eigi sér stað þá rennir það ekki stoðum undir að leyfa það.**

Miklu nær væri að finna leiðir til að fæla fugla frá svæðum. Samhliða því að fæla fugla frá þeim svæðum sem þeir mega ekki vera á, mætti koma upp túnnum og ökrum sem þeim væri leyft að bíta, en það mundi eflaust auka árangurinn af fælingaraðgerðum ef fuglarnir gætu farið á önnur tún í staðinn. Það mætti e.t.v. hugsa sér að ríkisstyrkur kæmi til fyrir slík „flugatún“.

Veiðar á þessum tegundum á varptíma stríða gegn öllum viðurkenndum, alþjóðlegum siðareglum og meginreglum um fuglaveiði og gegn alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt.

-----

Meðfylgjandi er mynd: Álfapar með unga.

Ljósmyndari: © Eypór Ingi Jónsson náttúru ljósmyndari og tónlistarmaður

Nánari upplýsingar veitir:

Dögg Matthíasdóttir

Markaðs- og samskiptafulltrúi Fuglaverndar | 562 0477 | 690 1205 | [dew@fuglavernd.is](mailto:dew@fuglavernd.is)